



2. júní 2023

Atmonia ehf.

Rannís
Rannsóknamiðstöð Íslands

Vorúthlutun Tækniþróunarsjóðs 2023

Reykjavík, Ísland –2. júní, 2023

Stjórn Tækniþróunarsjóðs hefur samþykkt að bjóða fulltrúum 84 verkefna sem sóttu um í sjóðinn á vormisseri að ganga til samninga um nýja styrki.

Í boði voru styrktarflokkarnir Fræ/Þróunarfræ, Sproti, Vöxtur/Sprettur og Markaðsþróun og Markaðssókn. Alls bárust 422 umsóknir og er árangurshlutfall styrktra verkefna sem hlutfall af innsendum umsóknum 20%. Haft verður samband við verkefnisstjóra þessara verkefna og þeir boðaðir til samningafundar.

Í þessari úthlutun er styrkveiting til nýrra verkefna 788 milljónir króna en þar sem verkefnin eru til allt að þriggja ára nemur heildarkostnaður vegna þeirra 1.440 milljónum króna.



Um styrkinn Vöxtur

Atmonia hlaut styrkinn Vöxtur frá Tækniþróunarsjóði Rannís í vor-úthlutun 2023 fyrir verkefnið „Kortlanging efnahvarfaðstæðna fyrir sjálfbæra ammoníaksframleiðslu“. Framleiðsla ammóníaks er einn fjögurra iðnaða sem þörf er á að endurhanna til að ná markmiðum um kolefnisjöfnun og lækka sótspor jarðarbúa fyrir 2050. Sjálfbær ammoníakframleiðsla er því heimsmarkmið og eitt stórra áfanga til sjálfbærar framtíðar.

Atmonia ehf er í forgrunni rannsókna og þróunar á rafefnafræðilegu ferli til afoxunar niturs í raflausn úr vatni. Með notkun niturs úr lofti, vatns og sjálfbærs rafmagns. Með þessu ferli má framleiða ammóníak án sótspors. Kerfið hefur þó ekki verið að fullu bestað. Í þessu verkefni mun tölfræðileg hönnun tilrauna (e. design of experiments) og vél nám (e.machine learning) vera nýtt til þess að kortleggja áhrif breyta á hvarfhraða og straumnýtni, til bestunar. Þetta verkefni mun ennfremur styrkja nálgun okkar við framtíðar viðskiptavini á nýju markaði, gefa tækifæri til að enduskilgreina virðisböpun og verðmætatillögur. Þetta verkefni er framhald af farsælu samstarfi milli sprotafyrirtækjanna Atmonia ehf., Grein Research ehf. og Háskóla Íslands, á vegferð til endurhönnunar niturhagkerfisins.

Um Atmonia

Atmonia er íslenskt sprotafyrirtæki sem þróar sjálfbært ferli fyrir ammoníakframleiðslu. Markmið Atmonia er að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda með nýrri tækni á sviði ammóníak- og nítrat framleiðslu. Tækni fyrirtækisins er bæði hagkvæm og umhverfisvæn og mun leggja mikið af mörkum í baráttunni gegn hlýnun jarðar. Ný tækni Atmonia mun framleiða ammóníak úr lofti og vatni og losa engar gróðurhúsalofttegundir, en núverandi ammóníak framleiðsluaðferð er ábyrg fyrir 1-2% af koltvísýringslosun af mannavöldum í heiminum

Fyrir frekari upplýsingar, sjá www.atmonia.com

Netfang: [atmonia\[at\]atmonia.com](mailto:atmonia[at]atmonia.com)